

# Vökvi fjarlægður úr pung

Skurðaðgerð er framkvæmd til að losa vatn sem hefur safnast fyrir í pungnum og hindra að það komi aftur.

## Undirbúningur fyrir aðgerð

### Símaviðtal vegna svæfingar


Svæfingaaðferðir eru mismunandi eftir aðgerðum. Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð til að kanna hvort eitthvað er í heilsufarssögu sem þarf að taka tillit til við fyrirhugaða svæfingu og veita tækifæri til að spyrja spurdinga. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsókn er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

### Í símaviðtalinu verður spurt um:

- fyrri reynslu af svæfingum
- ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- hæð og þyngd
- áfengisneyslu og reykingar
- gervitennur og tannbrýr
- heilsufar og sjúkdóma
- lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúrulegra og fæðubótarefna

Gott er að hafa lyfjalista við hendina, þar sem upplýsingar verða veittar í símtalinu um hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina, þar sem óáskilegt er að taka sum lyf fyrir svæfingu.

Ef vandamál hafa komið upp eftir fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði eða uppköst, er mikilvægt að segja frá því.



## Blóðþynningarlyf

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmeðferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við lækni.

## Tóbaksnotkun

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta fengið aðstoð hjúkrunarfræðings og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð hjá: „Ráðgjöf í reykbindindi“. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafarþjónustuna en eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á [www.reyklaus.is](http://www.reyklaus.is).

## Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu. Eins er ráðlegt að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis.

## Kvöldið fyrir aðgerð

### Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir aðgerð.

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér slopp og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

## Aðgerðardagur

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Þvo þarf vandlega undir forhúð án sápu. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota svitalyktareyði, krem, ilmefni eða skartgrip.

**Mæta á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut, að morgni aðgerðardags og hafa með öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf nema í samráði við hjúkrunarfræðing eða lækni.**

Fyrir aðgerð þarf að vera búíð að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Fyrir aðgerðina eru gefin verkjalyf í töfluformi sem verka í og eftir aðgerð.

Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina. Settur er æðaleggur í handarbak eða handlegg sem er notaður til að gefa innrennslisvökva og svæfinga- og verkjalyf. Áður en svæft er þarf að anda að sér súrefni í gegnum grímu. Síðan er svæfingalyfi sprautað í æðalegginn. Svæfingunni er viðhaldið með svæfingalyfjum. Verkjalyf eru gefin meðan á aðgerð stendur.

Eftir aðgerðina fer sjúklingur á vöknun og síðan aftur á dagdeild 13D. Ef verkir eða ógleði koma fram er mikilvægt að láta vita svo hægt sé að bregðast við með viðeigandi lyfjagjöf. Eðlilegt er að finna fyrir þreytu og sljóleika fyrst um sinn. Vart getur orðið við hálssærindi þar sem notuð er barkapræðing eða kokgríma til að tryggja öndunarveg meðan svæfingin varir. Særindin hverfa að jafnaði á 1-2 dögum. Útskrift er áætluð 2-4 klst. eftir aðgerð.

**Eftir aðgerð:**

- verkjalyf eru gefin eftir þörfum
- létt máltíð fyrir heimferð
- þvaglosun er nauðsynleg fyrir útskrift

**Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:**

- útskriftarfræðslu
- rafrænan lyfseðil fyrir verkjalyfjum ef þörf er á
- endurkomutíma hjá lækni

## Útskrift

### Verkir

Eymsli geta verið á skurðsvæði fyrstu dagana eftir aðgerð. Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er. Ef verkir eru viðvarandi er æskilegt að taka verkjalyf reglulega yfir daginn, samkvæmt leiðbeiningum. Smám síðan er dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar.

## Skurðsár

Hafa þarf þurrar grisjur yfir skurðsári ef vessar úr því. Gott er að vera í nærbuxum sem halda vel við og hafa hátt undir pungnum til að ekki safnist fyrir bjúgur. Af sömu ástæðu er ekki er æskilegt að sitja mikið fyrstu dagana eftir aðgerð.

## Hreinlæti

Ráðlagt er að fara daglega í sturtu, skola skurðsárið vel með vatni og þerra mjúklega með hreinu handklæði.

## Hreyfing

Forðast þarf áreynslu í 4–6 vikur eftir aðgerðina. Aðgerðin á ekki að hafa truflandi áhrif á kynlíf.

## Vinna

Byrja má að vinna aftur viku eftir aðgerð, nema læknir taki annað fram.

## Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerðina. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

### Hafa skal samband við dagdeild 13D ef:

- líkamshiti er yfir 38,5°C
- verkir minnka ekki við verkjalyf
- blæðir eða vessar úr skurðsári
- roði eða bólga er í kringum skurðsvæði

### Dagdeild 13D er opin virka daga frá klukkan 7 til 19, sími: 543 7480.

Utan þess tíma má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um samband við vakthafandi deildarlækni á skurðlækningasviði Hringbraut.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.